

Skattastefna Terra

Tilgangur og umfang

Stefna þessi tekur til starfsemi Terra og er sett til þess að marka skýra stefnu í skattamálum á samstæðugrunni og sem leiðarljós í daglegum rekstri. Terra gerir sér grein fyrir mikilvægi þess hvernig skattgreiðslur hafa áhrif á samfélag og þróun þess á þeim svæðum þar sem samstæðan starfar. Stefnan er hluti af langtímaáætlun félagsins og tekur mið af sjálfbærnistefnu þess ásamt því að uppfylla kröfur í lögum, reglum og reglugerðum.

Stefna

Terra hagar skattamálum sínum í samræmi við lög og reglur, ásamt bæði venjum og alþjóðlegum leiðbeiningum, og tekur ekki þátt í starfsemi eða athöfnum þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru virt að vettugi.

Terra greiðir skatta á réttum tíma en greiðsla skatta á ábyrgan hátt er hluti af því að reka fyrirtæki af heilindum og undirstrikar sjálfbærniskuldbindingar okkar.

Félög í samstæðu Terra eru öll með skattalegt lögheimili á Íslandi. Í viðskiptum við tengda aðila er meginreglum um armslengdar kjör fylgt og skattar greiddir þar sem verðmætin verða til.

Þegar til greina kemur að nota skattaívilnanir er nálgun okkar að slík ívilnun sé nýtt að svo miklu leyti sem starfsemi okkar er viðskiptadrifin en ekki rekin af skattasjónarmiðum.

Við höfum stefnu þessa að leiðarljósi þegar við göngum til samninga við verktaka og birgja.

Við viljum eiga í góðu samstarfi við skattyfirvöld og að til staðar séu opin og góð samskipti til að tryggja að þekking og verklag séu með sem besta móti og traust ríki á milli aðila

Við birtum stefnu þessa á vefsíðu Terra og eru viðeigandi upplýsingar um skattamál samstæðunnar og skattgreiðslur að finna í ársreikningi félagsins. Terra hefur metnað í að taka fleiri skref í uppgjöri er kemur að sjálfbærnimálum og mun félagið halda áfram þeirri vegferð.

Framkvæmd og eftirfylgni

Skattastefna þessi nær til stjórnna og starfsfólks samstæðu Terra og skulu þau virða hana í störfum sínum fyrir samstæðuna. Terra hefur verklag og innra eftirlit sem miðar að því að tryggja fylgni við stefnu þessa.

Í samræmi við stefnu okkar og reglur um vernd uppljóstrara er til staðar verklag og kerfi sem tryggir farveg ábendinga, kvartana eða áhyggjum varðandi hegðun eða gjörðir sem ganga gegn viðmiðum okkar og stefnu í skattamálum.

Forstjóri hefur það hlutverk að hrinda stefnu þessari í framkvæmd og hún kynnt fyrir stjórnendum og starfsfólki. Framkvæmdastjórn og stjórnendur félagsins skulu sýna gott fordæmi og skapa aðstæður og vinnuumhverfi til að hrinda stefnu þessari í framkvæmd. Allt starfsfólk skal kynna sér efni stefnunnar og framfylgja henni.

Stefna þessi öðlast gildi við undirritun.

Samþykkt af stjórn Terra þann 17. desember 2024

